

MINNISBLAÐ

Borgarnesi 17.10 2025

Minnisblað – Dalirnir rokka: Frá andstreymi yfir í meðbyr

Samantekt unnin upp úr erindi Vífils Karlssonar á íbúafundi DalaAuðs, 8. október 2025 í Dalabúð, Búðardal.

1. Yfirlit erindis

Erindið fjallaði um stöðu og þróun Dalanna með áherslu á fjögur umfjöllunarefni: Íbúakönnun 2023, þróun atvinnulífs byggt á vinnu skýrslunnar “Margur er knár þó hann sé smár”, fyrstu niðurstöður úr væntanlegum Hagvísi um vægi atvinnugreina í útsvarsgrunni sveitarfélaga og íbúaþróun samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

2. Íbúakönnun 2023

SSV hefur framkvæmt íbúakönnun á Vesturlandi frá árinu 2004, á þriggja ára fresti og nýverið að landsvísu, þar sem þátttakendur eru spurðir m.a. um álit þeirra á ýmsum búsetuskilyrðum þar sem þeir búa. Friðsæld og aðgengi að fjölbreyttri náttúru komu best út í könnuninni í Dölunum, en vöruverð, vegakerfi og farsímasamband verst.

Fasteignamarkaður, háskólar og almenningssamgöngur mældust einnig slæm, þó þau væru ekki talin jafn mikilvæg. Flest búsetuskilyrði bötnuðu milli kannana, einkum menning og skipulagsmál, þó að leiguíbúðir og vöruverð hafi versnað. Fyrri könnun var frá 2020.

Samanburður við höfuðborgarsvæðið sýnir að þættir eins og loftgæði og þjónusta við aldraða mælast betri í Dölum. Allir þættir sem eru mikilvægastir íbúum eins og hins dæmigerða Dalamanns voru betri í Dölunum en á höfuðborgarsvæðinu. Af öðrum mikilvægum þáttum má nefna að heilbrigðisþjónusta og þjónusta við aldraða er betri en Dölunum en á höfuðborgarsvæðinu og þjónusta við börn og unglinga ekki marktækt betri eða verri. Dalirnir voru, heilt yfir, hástökkvari íbúakönnunarinnar með 5,0 í einkunn, en meðaltal landsins var 5,5. Ekkert samfélag á landinu tók jafn miklum framförum á milli kannanna.

Tekið skal fram að íbúakannanir hafa verið gerðar á Vesturlandi nokkurn veginn á þriggja fresti síðan árið 2004 og hafa teikn um jákvæðar breytingar aldrei verið eins margar og miklar og árið 2023.

3. Búseta, þjónusta sveitarfélagsins og íbúalýðræði

Íbúakönnunin hverfist um fleira en búsetuskilyrði og þar er t.d. spurt um ánægju með búsetu, búsetuáform, þjónustu sveitarfélagsins og íbúalýðræði. Athygli vakti að sá hluti þátttakenda sem merkti við "mjög gott" við "gott að búa" hækkaði mest í Dölunum á milli kannanna. Hins vegar var engin breyting þar á búsetuáformum milli kannanna. Það ánægjulega var að unga fólkið var ekkert líklegra til að ætla sér að flytja en aðrir íbúar Dalanna, og konur eru ólíklegri en karlar til flutnings. Það er góður vitnisburður því ungt fólk er alla jafna hlutfallslega flest þeirra sem flytja á milli svæða og konur eru yfirleitt fleiri í þeim hópi en karlar sérstaklega þegar samfélög hafa vindinn í fangið. Þegar kom að almennri umsögn um þjónustu sveitarfélagsins þá var ánægjan mikil í Dölunum 2023 – aðeins fjögur landsvæði mældust hærri. Þá mældist íbúalýðræði hæst í Dölum á landinu, sem endurspeglar trú íbúa á áhrif sín á ákvarðanatöku en þar koma mögulega eitthvað tíðari íbúafundir vegna verkefnisins DalaAuðs við sögu líka.

4. Þróun atvinnulífs

Atvinnulífið hefur orðið fjölbreyttara á undanförunum áratugum. Fjöldi iðnaðarmanna jókst úr 20 í 26 og fjöldi iðngreina úr 6 í 11. Fyrirtækjum fjölgaði úr 92 í 151 og atvinnugreinum úr 36 í 63. Breytingarnar voru á milli seinni hluta 20. aldar og byrjunar 21. Dalirnir sýna meiri aukningu í fjölbreytni og framþróun á milli tímabilanna en nálæg svæði eins og Vestur- og Austur-Húnavatnssýslur.

Iðnaður hefur hærra vægi í útsvarsgrunni Dalabyggðar (25%) en áður var talið, landbúnaður um 15%, en opinber þjónusta og félagsþjónusta samanlagt um 40-45% eftir að reynt var að leiðrétta skekkju í opinberum tölum yfir iðnað og landbúnað og ofmat hins opinbera á móti. Samsetning atvinnulífsins í Dölunum er því á ýmsan hátt góð og lofar góðu um áframhaldið. Nýsköpun er að finna þar víða sem studd hefur verið bæði af DalaAuði og Uppbyggingarsjóði Vesturlands og hefur aldrei verið meiri um árabil.

5. Íbúaþróun og samsetning

Íbúum í Dölum er hætt að fækka og ungt fólk (18–35 ára) hefur tekið að fjölga aftur. Jafnvægi milli fjölda kvenna og karla lofar góðu. Fjöldi eldra fólk er nokkuð stöðugur og innflytjendum fjölgar lítillega og hægar en að jafnaði á landinu öllu. Þéttbýli er stöðugra m.t.t. íbúaþróunar en dreifbýli, sem bendir til viðsnúnings í byggðarþróun í Búðardal og nágrenni og gott veganesti inn í næstu misseri.

6. Heildarniðurstöður og lærdómur

Dalirnir hafa tekið mikinn kipp í þróun búsetuskilyrða milli 2020 og 2023. Mikilvægir þættir eins og friðsæld, náttúra og samfélagsandi eru sterkari í Dölum en á höfuðborgarsvæðinu. Ánægja með sveitarfélagið og trú á lýðræði eru meðal þess besta á landinu. Atvinnulíf hefur styrkst og orðið fjölbreyttara sé litið yfir langt tímabil, og íbúum, sérstaklega ungu fólki, er hætt að fækka.

Helstu áskoranir eru áfram á sviði samgangna, fjarskipta, húsnæðismála og vöruverðs, en þróunin í heildina er mjög jákvæð í Dölunum.

7. Lokaorð

Dalirnir hafa snúið vörn í sókn – frá andstreymi yfir í meðbyr. Þessi þróun endurspeglar sameiginlegt átak íbúa, atvinnulífs og sveitarfélags sem nú uppskera árangur. Alltaf er erfitt að leita orsaka fyrir ákveðnum atburðum en ekki verður litið framhjá því að verkefnið DalaAuður hlýtur að hafa skipt þarna verulegu máli sem og öflugt starfsfólk Dalabyggðar og síðast en ekki síst hefði þetta ekki gerst ef íbúarnir hefðu ekki verið móttækilegir.

f.h. SSV

Vífill Karlsson

fagstjóri